



## Hirðing - Endurvinnsla

Plastinu er hlaðið í sérstakan söfnunarbíl sem pressar það saman. Í bílinn má líka setja pokann með böndunum og netunum. Einnig má setja samanbundna áburðarpoka/stórsekki í bílinn.

Í móttökustöðvum okkar er plastið pressað í 4-500 kg bagga og síðan flutt erlendis til endurvinnslu.

Tíðni safnana er oft ákveðin í samvinnu við sveitarfélögin og verður áhersla lögð á góða þjónustu.



Hleðsla í gáma til útflutnings.



Útflutningsvara.



Pressun til útflutnings.

- Gott samstarf við bændur er lykilatriði til þess að vel takist til.
- Starfsmenn okkar munu gefa bændum góð ráð varðandi söfnunina.
- Vinnum vel saman og minnkum urðun endurvinnsluefna.